

STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings, nr. 949/2009.

1. gr.

2. ml. 2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að gera allt að sex mánaða hlé á þingfundum milli umræðna eða áður en síðari umræðu um þingmál lýkur.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Þingmál skulu almennt hafa borist forseta kirkjuþings fjórum vikum fyrir upphaf þings.

Þó er nægilegt að skýrslur kirkjuráðs, þjóðmálanefndar og um fjármál þjóðkirkjunnar berist forseta þremur vikum fyrir upphaf þings.

Ef kirkjuþingi er frestað um meira en einn mánuð er einnig heimilt að leggja fram ný þingmál fjórum vikum fyrir þann tíma að kirkjuþing, sem frestað hefur verið samkvæmt heimild í 1. gr., kemur saman að nýju. Einungis verða lögð fram þingmál skv. þessari málgrein sem eiga rót að rekja til samþykktar á fundum kirkjuþings þess sem frestað var og telja má í rökréttu og eðlilegu samhengi við samþykktir þess þings. Að öðru leyti fer um framlagningu, kynningu og málsmeðferð samkvæmt því er greinir í starfsreglum þessum um þingmál kirkjuþings.

Forsætisnefnd getur veitt undanþágu frá greindum tímamörkum ef sérstök rök mæla með því.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. orðist svo:

Kirkjuþingsmenn geta boðað til sérstaks þingmálafundar í kjördæmum sínum til kynningar á þingmálum sem þeir hyggjast flytja, áður en málið er sent forseta, sbr. 1. mgr. 13. gr. Aðrir sem hafa tillögurétt og málfrelsi á kirkjuþingi, skulu eiga þess kost að mæta á þá fundi og kynna mál ef þeir óska þess. Kirkjumálasjóður greiðir hóflegan kostnað við fundaraðstöðu.

4. gr.

22. gr. hljóði svo:

Skylt er kirkjuþingsmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni eða leyfi forseta komi til. Í forföllum kirkjuþingsmanns skal ávallt kalla til varamann hans, hafi tilkynning um forföll borist skriflega til forseta eigi síðar en einni viku fyrir boðaðan þingfund.

5. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott ákvæði til bráðabirgða frá sama tíma.

Reykjavík, 26. nóvember 2013.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings.